




Mikil guðsblessun er að vera loksins laus við bölvöð ekkisen stéttabaráttuna.

Nú skal „fólkið fá stjórn framleiðslutækjanna í sínar hendur“. Já, gjafir eru oss gefnar.



Birna Þórðardóttir:

á dagskrá

Sósíalisma með ríkisstyrk?

Þann 11. jan. sl. birtist grein á dagskrá Þjóðviljans eftir Þórð Ingva Guðmundsson. Greinin nefndist: „Lýðræði og/eda skipulag?“

Eg ætla mér einungis að taka hér örstutt fyrir eitt atriði í grein Þórðar Ingva.

Þórður Ingvi segir markmið sósíalista vera einkum og sér í lagi tvennskönar: „1) Að ná ríkisvaldinu í sínar hendur og nota það til þess að afnema auðvaldspjóðfélagið og 2) stuðla þannig að hinu fullkomna lýðræði“.

Ja, margt er kyndugt í kyrhaus sósíalistanna, sé þetta hann. Markmið okkar kommannna er ekki og hefur ekki verið að „ná ríkisvaldinu (hinu kapitaliska) í okkar hendur.“ Markmið okkar kommannna er ekki heldur það að ná völdunum í okkar hendur.

Markmið okkar er að verkalýðsstéttin sem heild taki völdin og brjóti niður hið kapitaliska ríkisvald. Markmið okkar í dag er að vekja verkalýðsstéttina þannig að hún skilji sinn vitjunartíma og hefjist handa við þetta verkefni.

En Þórður Ingvi á kannski við það, að markmiðið sé að koma Alþýðubandalaginu sem meirihlutaflokki — í hinu kapitaliska þjóðfélagi — í stjórn og þá munum við dansa sæl á vit sósíalismans. Eða á Þórður Ingvi kannski við það, að sósíalisma verði komið á með ríkisstyrkjum — frá hinu kapitaliska ríkisvaldi? Ekki trúi ég því að öreyndu að hann haldi hið borgaralega ríkisvald geta tekið dialektískri stökkbreytingu — (svona álíka og maóistar hafa útskýrt skyndibreytinguna í

Sovét eftir Stalín) — eða hvað?

En hvert er hið „fullkomna lýðræði“ Þórðar Ingva? Jú, það „er fólgið í því, að réttur fólksins til að taka þátt í stjórnmalalegri ákvarðanatöku er aukinn...“ „taka þátt í stjórnmalalegri ákvarðanatöku“ — hvern fjandann er maðurinn að meina? Að kjósa oftár á borgaralegar fulltrúasamkundur — eða kjósa fleiri? Altént er ekki verið að ræða um bein völd verkalýðsfjöldans.

En hið „fullkomna lýðræði“ er einnig fólgið í því, „að það (fólkið) fær stjórn framleiðslutækjanna í sínar hendur og skiptir því arði fyrirtækisins á milli sín.“ Mikil guðsblessun er að vera loksins laus við bölvöð ekkisen stéttabaráttuna. Nú skal „fólkið fá stjórn framleiðslutækjanna í sínar hend-

ur“. Já, gjafir eru oss gefnar. Borgarastéttin, hva, auðvitað lætur hún framleiðslutækin af hendi. Eða er hún kannski innifalín í fólkinu?

En hvað er í enda setningar: „og skiptir því arði fyrirtækisins á milli sín“. A nú að fara að koma á fót sósíalisma í einni verksmiðju? Eitt sinn varð boðorðið: „Sósíalisma í einu landi.“ og leiddi það af sér mikla bölvun fyrir verkalýðsstétt heimansins.

Annars læðist að mér sá grunnur að jafnvel Þórður Ingvi eigi ekkert við sósíalisma þótt hann nefni það svo, heldur eingöngu framleiðslusamvinnufélög í auðvaldssamfélagi. Þau geta vissulega verið ágæt — en í öllum bænnum ekki rugla þeim saman við það þjóðskipulag er verkalýðsstéttin mun reisa úr

rústum auðvaldsskipulagsins. Eg ætla ekki að vera það andstyggileg að gera Þórði upp þá sköðun, að flokkurinn setji sig í stað verkalýðsstéttarinnar og rétti henni mola og mola.

Að lokum get ég ekki stillt mig um það að hnýta aðeins í loka-vangaveltur Þórðar Ingva: „Ef þessi markmið (þe. lýðræði og skipulag aths. þp) eru ósættanleg, verður þá hægt að finna hinn gullna meðalveg? Þessu verður ekki svarað hér og nú. Þetta er ekki brýnt vandamál sem krefst skjótra svara...“

Það er nú það, félagi Þórður. Þetta er nefnilega djöfull brýnt vandamál. Við myndum aldrei lýðræðislegt þjóðskipulag með ólýðræðislegum aðferðum. Við mótum aldrei lýðræðislegar starfsaðferðir innan samtaka og flokka verkalýðshreyfingarinnar með því að beita einhverja aðila þar innan harðýgi og kúgun. Séu starfsaðferðirnar ekki lýðræðislegar verða samtökin og flokkarnir ekki heldur lýðræðisleg. Ólýðræðisleg samtök geta aldrei staðið í fararbroddi fyrir lýðræðisuppygginu.

12. janúar '78
Birna Þórðardóttir.



Omar Skúlason.

Tvær myndlistasýningar

Þeir Guðbergur Auðunsson og Omar Skúlason halda báðir myndlistasýningar að Kjarvalsstöðum um þessar mundir.

Sýning Guðbergs er opnuð í dag kl. 14.00 og stendur hún til 15. þessa mánaðar. Sýnir hann 23 myndir, poppefni, sem sótt er til stórborga um heim allan. Þá sýnir Guðbergur og plaköt.

Omar sýnir 56 myndir af blandaðri tækni unnar. Er þar t.d. að sjá teikningar og spreymyndir, en þær eru gerðar með skapalóni og málningasprautum.



Guðbergur Auðunsson

Flugleiðir fluttu 762.395 farþega

Með flugvélum Flugleiða voru fluttir samtals 762.395 farþegar á síðasta ári og er það rúmlega 47 þúsund farþegum meir en árið 1976 og mestl aukningin í prósentum 6.6.

Í áætlunarflugi milli Íslands og Evrópulanda voru fluttir 142.155 farþegar, en voru 127.794 árið áður og er aukning 11.2%. Í flugi yfir Norður Atlantshaf voru fluttir 239.816 farþegar, en voru 254.199 árið áður, eða 5.6% færri. Farþegar með International Air Bahma milli Nassau og Luxemborgar voru 71.725, en 73.060 árið áður og hafði fækkað um 1.8%.

Vöruflutningar með þotum Flugleiða milli landa jukust hins vegar verulega. Flutt voru 6.651 tonn af vöru á móti 5.189 tonnum árið áður, og er aukning í vöruflutningum milli landa 28%. Þess má einnig geta að veruleg aukning varð í vöruflutningum milli landaflugs milli aranna 1975 og 1976 og námu þá 20.8%.

Aukning var í innanlandsflugi á árinu, en næstu árin á undan hafði farþegafjöldi ekki breyst að ráði. Á síðastliðnu ári urðu innanlandsfarþegar 235.394, en voru 205.756

árið 1976 og er það 14.4% aukning. Þetta er í fyrsta skipti sem innanlandsfarþegar Flugfélagsins fara fram úr íbúatölu landsins, en því marki var náð í byrjun desember.

Vöruflutningar innanlands námu 4.152 lestum, en voru 4.387 lestrir árið áður — drógust saman um 4.5%. Þess ber að geta að innanlandsflug og að mestu leyti flug milli Íslands og Evrópulanda lá niðri um tveggja vikna skeið vegna verkfalls í október.

Í áætlunarflugi fluttu flugvélar félaganna því 689.090 farþega á móti 660.809 árið á undan. Aukning er 4.3%.

Á síðastliðnu ári voru fluttir fleiri farþegar í leiguflugi en nokkru sinni fyrr. Í pilgrímaflugi Loftleiða til og frá Jeddah í Saudi Arabíu og voru fluttir 30.994 farþegar, í leiguflugi International Air Bahama 10.506 farþegar í sólarlandaflugum, svo og leiguflugum milli Mið-Evrópu og Íslands aðallega með Flugfélagi Íslands voru fluttir 31.805 farþegar. Samtals fluttir í leiguflugi með þotum Flugleiða 73.305 farþegar, en voru 54.105 árið áður, og er aukning 35.5%.

Vilja ábendingar um verðlaunahafa

Í byrjun marz n.k. verða veitt verðlaun úr Verðlaunasjóði iðnaðarins.

Verðlaunin að þessu sinni verða kr. 1.000.000.- — ein milljón — ásamt heiðurskjali.

Stjórn sjóðsins óskar hér með eftir ábendingum um verðlaunahafa, en ekki er tekið á móti umsóknum, enda ekki um styrktarsjóð að ræða, heldur verðlaunarsjóð.

Til glöggvunar fyrir þá, sem kynnu að vilja gefa sjóðsstjórn

ábendingar, fara hér á eftir nokkur atriði úr reglugerð sjóðsins.

„Tilgangur sjóðsins er að örva til dáða á sviði iðnaðarmála — og jafnframt að vekja athygli á þeim afrekum, sem unnin hafa verið og unnin verða á því sviði“. „Verðlaun má veita fyrir uppfýndingar, fyrir forystu á sviði iðnaðar — fyrir sérlega vel gerða iðnaðarframleiðslu o.s.frv. —.“

Abendingum óskast beint til

einvers úr sjóðsstjórninni, en hana skipa:

Kristján Friðriksson, Garðastræti 39, form.
Haukur Eggertsson, Barmahlíð 54.

Davíð Scheving Thorsteinsson, Mávanesi 7, Garðabæ.
Sigurður Kristinnsson, málara-meistari, Hringbraut 9, Hafnarfirði.

(Fréttatilk. frá Verðlaunasjóði iðnaðarins.)